

Reglur

um úthlutun styrkja úr Barnamenningsjóði Íslands.

1. gr.

Tilgangur.

Hlutverk Barnamenningsjóðs Íslands er að veita fjármagni til og styrkja verkefni á sviði barnamennningar, í samræmi við íslenska menningarstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda um menningu barna og ungmenna.

Sjóðurinn er hluti af þingsályktun um aðgerðaáætlun um eflingu barnamennningar fyrir árin 2024–2028 sem samþykkt var af Alþingi í maí 2023. Sjóðnum er ætlað að styðja fjölbreytta starfsemi á sviði barnamennningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi.

2. gr.

Stjórn og umsýsla.

Stjórn miðstöðvar barnamennningar metur styrkhæfi umsókna og gerir tillögur til ráðherra um veitingu styrkja.

Rannís annast umsýslu sjóðsins og tekur við umsóknum á heimasíðu sinni gegnum rafrænt umsóknarkerfi.

3. gr.

Auglýsingar um úthlutun.

Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni á ári á árabilinu 2024–2028 á degi barnsins, síðasta sunnudag í maí. Auglýst skal eftir umsóknum þar sem greint er frá hlutverki sjóðsins og áherslum sem liggja til grundvallar mati á umsóknum. Umsóknarfrestur skal eigi vera skemmri en fimm vikur. Umsóknir sem berast eftir að auglýstur umsóknarfrestur er liðinn koma ekki til mats. Niðurstaða úthlutunar skal liggja fyrir eigi síðar en átta vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

4. gr.

Styrkir.

Styrkir eru veittir til einstaklinga, lögaðila, listhópa, fyrirtækja eða stofnana.

Ekki eru veittir styrkir til kjarnastarfsemi eða reglubundins rekstrar stofnana eða samtaka, til tækjakaupa eða til uppbyggingar aðstöðu, s.s. húsnæðis, eða stakir ferðastyrkir. Við úthlutun er almennt lögð áhersla á nýbreytni.

5. gr.

Umsóknir.

Við mat á umsóknum ber að hafa gæði verkefnisins í fyrirrúmi. Því þarf hver umsókn að innihalda greinargóða lýsingu á verkefninu sjálfu og markmiðum þess, aðstandendum og verklagi við framkvæmd þess, ásamt vandaðri tíma- og kostnaðaráætlun. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum í umsókn.

6. gr.

Mat á umsóknum.

Stjórn miðstöðvar barnamenningar leggur mat á umsóknir með hliðsjón af hlutverki sjóðsins og auglýstum áherslum hverju sinni.

Leitast skal fremur við að styrkja fá verkefni með hærri fjárhæðum hvert sem hafa veruleg áhrif á hvort af framkvæmd þess verður. Til greina kemur að styrkja verkefni sem ná yfir lengri tíma en eitt almanaksár.

Mat á umsóknum skal einkum byggja á eftirtöldum sjónarmiðum: Verkefni styðji fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Verkefni sem auk ofangreindra þátta stuðla að lýðræðislegri virkni barna í samfélaginu eða taka að öðru leyti mið af inntaki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa sérstakt vægi. Einnig þau verkefni sem unnin eru í nánú samstarfi tveggja aðila eða fleiri, svo sem menningarstofnana, skóla, listafólks og félagasamtaka.

Stjórn hefur heimild til að leita álits sérfróðra aðila við mat á umsóknum, gerist þess þörf.

7. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans við úthlutun styrkja úr sjóðnum skal án tafar vekja athygli formanns stjórnar á því og ber formanni þá að kalla til varamann sem tekur við skyldum aðalmanns við úthlutunina.

8. gr.

Upplýsingagjöf og uppgjör.

Við undirritun úthlutunarskilmála koma 80% styrksins þegar til greiðslu en 20% eftir að rafræn greinargerð um framkvæmd verkefnisins og ráðstöfun styrksins hefur borist stjórn. Heimilt er þó að greiða styrkinn út í einu lagi ef heildarupphæðin er undir 2 millj. kr.

9. gr.

Kynning.

Við framkvæmd og kynningu verkefna sem hlotið hafa styrk úr Barnamenningarsjóði skal láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.

10. gr.

Gildistaka og gildistími.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 42. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og 5. gr. reglugerðar nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra. Reglur þessar, sem taka þegar gildi, skal endurskoða áður en auglýst verður eftir umsóknum úr Barnamenningarsjóði Íslands árið 2026.

Menningar- og viðskiptaráðuneytinu, 21. október 2024.

Lilja D. Alfreðsdóttir



Sigrún Brynja Einarsdóttir

